

# Úrgangsráð Vestfjarða

## Áttundi fundur

Netheimum 4. desember 2025 kl. 10.00 - 11.00

### Fundargerð

**Mætt:** Lilja Magnúsdóttir Vesturbyggð, Sigurður Marínó Strandabyggð (áheynarfulltrúi), Hrefna Jónsdóttir Reykhólahreppi, Eva Sigurbjörnsdóttir Árneshreppi, Jón Páll Hreinsson (áheynarfulltrúi), Erla Margrét Gunnarsdóttir Ísafjarðarbæ og Hjörleifur Finnsson Hringrásarfulltrúi Vestfjarðastofu sem ritar fundargerð. Auk þess sátu Sigríður Júlía Brynleifsdóttir og Delphine Briose fyrstu mínútur fundsins.

#### Dagskrá:

1. Urðun óvirks úrgangs (Hjörleifur kynnir)
2. Reynslan af störfum úrgangsráðs 2025, hvað var gott og hvað má bæta...
3. Fréttahringur

#### Fundargerð

1. Hjörleifur kynnti fyrirhugaða aðgerð nr. 16 úr svæðisáætlun um óvirkan úrgang: *Úttekt á urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang Greining á tæknilegum, umhverfislegum og fjárhagslegum kostum þess og göllum að koma upp litlum urðunarstöðum fyrir óvirkan úrgang (steypubrot, keramik, moldarlausan jarðveg og annað sem ekki tekur breytingum eðlisfræðilega eða efnafræðilega) með það að leiðarljósi að slíkur úrgangur verði ekki fluttur um langan veg milli byggðarlaga og verði ekki urðaður á urðunarstöðum fyrir blandaðan úrgang. Hluti af þessari greiningu verður að kortleggja svokallaða jarðvegstippa sem starfræktir eru á nokkrum stöðum með eða án starfsleyfis frá heilbrigðisnefnd, með sérstakri áherslu á þær skilgreiningar úrgangsflokka sem liggja að baki starfsleyfum.* (svæðisáætlun um úrgang)

Í umræðunum kom fram að a) Regluverk fyrir urðunarstaði (þ.m.t. fyrir óvirkan úrgang) væri umfangsmikið og flókið b) Eftirlit væri að herðast c) umtalsverður stofn- og rekstrarkostnaður væri af urðunarstöðum, jafnvel þótt þeir væru bara fyrir óvirkan úrgang og d) einhverjar undanþáguleiðir væru til staðar fyrir afsæktar byggðir og óvirkan úrgang.

Niðurstaðan var sú að Hjörleifur myndi gera stutta samantekt á málinu áður en lengra væri haldið og aðgerðin skoðuð í heildarendurskoðun aðgerða fyrir 2026, sbr. Lið 2.

2. Í umræðunni kom m.a. fram að a) Mismunandi fundir um umhverfismál væru margir og oft erfitt að henda reiður á hvað væri hvað b) Sveitarfélög, a.m.k. þau smærri ættu í vandræðum að sinna fjölda ráða og nefnda sem þeim væri uppálagt að taka þátt í og c) að oft kæmu mikilvægar upplýsingar um úrgangsmál ekki inn á fundi ráðsins og þar með væri þeim ekki miðlað til hinna sveitarfélaganna.

Niðurstaða: á næsta fundi verði forgangröðun aðgerða tekin til skoðunar, ásamt starfsháttum.

3. Ekki náðist að fara í málið vegna tímaskorts

Fundi slitið 11.00